

**Tillaga að
Aðgerðaáætlun**
**sem miði að því að kurluðu dekkjagúmmí verði skipt út fyrir hættuminni efni
á þeim leik- og íþróttavöllum þar sem það er nú að finna.**

Aðgerðaráætlun

1. Fyrir árslok 2019 verði búið að skipta kurluðu dekkjagúmmí út fyrir hættuminni efni á 60% allra leik- og íþróttavalla þar sem laust kurl kemst í beina snertingu við iðkenndur.
2. Fyrir árslok 2022 verði búið að skipta kurluðu dekkjagúmmí út fyrir hættuminni efni á 80% allra leik- og íþróttavalla þar sem laust kurl kemst í beina snertingu við iðkenndur.
3. Fyrir árslok 2026 verði búið að skipta kurluðu dekkjagúmmí út fyrir hættuminni efni á öllum leik- og íþróttavöllum þar sem laust kurl kemst í beina snertingu við iðkenndur.

Umhverfisstofnun mun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga kalla eftir gögnum í lok hvers tímabils til að meta innleiðingu og árangur aðgerðaáætlunarinnar.

Um aðgerðaáætlunina

Hinn 2. júní 2016 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 50/145 um bann við notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum. Þar ályktaði Alþingi að fela umhverfis- og auðlindaráðherra, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun að „móta áætlun sem miði að því að kurluðu dekkjagúmmí verði skipt út fyrir hættuminni efni á þeim leik- og íþróttavöllum þar sem það er nú að finna“. Í þingsályktuninni kom fram að verkinu skyldi vera lokið fyrir árslok 2016.

Í kjölfarið var settur á laggirnar vinnuhópur til að vinna aðgerðaáætlun sem samanstóð af Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Vali Rafni Halldórssyni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Gunnari Alexander Ólafssyni frá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun aflaði upplýsinga frá Knattspyrnusambandi Íslands og Íþrótt- og -Ólympíusambandi Íslands um fjölda íþróttavalla með dekkjakurl, aldur þeirra og áætlaða endurnýjun. Samband íslenskra sveitarfélaga aflaði upplýsinga frá sveitarfélögum um fjölda íþróttavalla með dekkjakurl.

Vinnuhópurinn ákvað að skilgreina verkefnið á þann veg að áætlunin nái einungis yfir laust kurl sem kemst í beina snertingu við iðkendur. Þannig taki áætlunin t.d. ekki á steiptum gúmmíhellum á leikvöllum, kurlum sem notað er í gúmmípúða undir gervigrasvöllum, né aðra notkun þar sem kurl er ekki í beinni snertingu við iðkendur.

Í júlí 2016 sendi Umhverfisstofnun frá sér tilmæli um dekkjakurl sem fylliefni á gervigrasvöllum. Þar kemur fram að kurl unnið úr hjólbörðum innihaldi lítið magn hættulegra efna og að æskilegt sé að draga úr notkun heilsu- og umhverfisskaðlegra efna. Þó að rannsóknir hafi ekki sýnt fram á að notkun dekkjakurls valdi heilsufarslegum skaða beinir Umhverfisstofnun því til aðila sem bera ábyrgð á

gervigrasvöllum, að við endurnýjun vallanna eða við byggingu nýrra valla verði notaðar aðrar lausnir. Ef fylliefni eru notuð ætti að leitast við að velja efni sem hafa lágstan styrk skaðlegra efna.¹

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur bent á að æskilegt væri að setja fram leiðbeinginar um hvað eigi að koma í stað fyrir dekkjakurl sem fylliefni á gervigrasvöllum. og að upplýsingar séu tilrækar um skaðminni efni. Það er flókið mál fyrir stjórnvöld að setja fram slíkar leiðbeiningar án þess að nefna tiltekna framleiðendur. Jafnframt mælir Efnastofnun Evrópu mælir ekki gegn notkun íþróttavalla með dekkjakurli á forsendum núverandi þekkingar.

Í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) segir að ekki séu sérstök ákvæði um styrk PAH eða annarra efna í dekkjakurli. Efnastofnun Evrópu (ECHA) hefur hins vegar skorið úr um það að gúmmíkurl úr dekkjum teljist efnablanda, en ekki hlutur. Af því leiðir að í kurlinu er leyfilegur styrkur hvers efnis, sem flokka má sem krabbameinsvaldandi PAH, 0,1% eða 1000 mg/kg. ECHA er nú með til sérstakrar skoðunar hvort heilsufarsleg áhætta geti stafað af notkun dekkjakurils sem fylliefnis í gervigrasi. Efnastofnun Evrópu mælir ekki gegn notkun íþróttavalla með dekkjakurli á forsendum núverandi þekkingar.

Samkvæmt upplýsingum sem Samband íslenskra sveitarfélaga aflaði í desember 2016 þá eru 206 vellir reknir af sveitarfélögunum. Búið er að skipta um kurl á 91 velli eða á rúmlega 44% vallanna.

Eins og er eru ekki til reglur eða viðmið sem segja til um hvenær endurnýja eigi velli með gúmmíkurl. Aftur á móti hefur verið áætlað að eðlilegt sé að endurnýja kurl á völlum á um 10 ára fresti, en það fer einnig eftir ásigkomulagi vallanna. Kostnaður við endurnýjun gervigrasvalla er mismunandi eftir því hvort um keppnisvöll eða sparkvöll er að ræða. Í töflu 1 er að finna grófa útlistun á kostnaði við endurnýjun á gervigrasvöllum með gúmmí sem eru 10 ára og eldri. Það getur verið að kostnaður verði lægri m.a. vegna þess að sumir vallanna hafa verið endurnýjaðir og kostnaður er oft miðaður við endurnýjun á einum velli en að öllum líkindum myndi kostnaður minnka ef samið yrði um endurnýjun á mörgum völlum í útboði. Reykjavíkurborg áætlaði kostnað við endurnýjun gervigrasvalla vera um 60 milljónir á hvern völlum.² Aflað var upplýsinga um kostnað við endurnýjun á æfinga- og sparkvelli og var hann um 6,2 milljónir. Í töflu 1 er samantekið hve hár kostnaður getur verið við að endurnýja alla gervigrasvelli sem eru 10 ára og eldri. Upplýsingar um fjölda og aldur valla eru fengnar frá KSÍ.

Tafla 1. Kostnaður við að endurnýja gervigrasvelli sem eru 10 ára og eldri (upplýsingar frá KSÍ)

Áætlaður kostnaður við að skipta út dekkjakurli úr gúmmí í annað hættuminna						
	Keppnis- hús	Keppnis- vellir	Æfingavellir og smærri hús	Sparkvellir KSÍ	Sparkvellir	Alls
Eldri en 10 ára	1	3	5	55	16	80
Kostnaður	60.000.000	60.000.000	6.200.000	6.200.000	6.200.000	
Alls kostnaður	60.000.000	180.000.000	31.000.000	341.000.000	99.200.000	711.200.000

Umhverfisstofnun hefur tekið saman upplýsingar með dæmum um sveitarfélög sem hafa gert áætlun um að skipta út dekkjakurli (sjá viðhengi 1).

Vinnuhópurinn mælist til þess að kurli verði skipt út þegar komið er tími á viðhald vallanna og þá verði notað efni sem er talið minna skaðlegra. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvernig þau haga starfi sínu við að endurnýja vellina. Vinnuhópurinn leggur til að fyrir 31. desember 2026, verði búið að

¹ <http://ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2016/07/12/Tilmaeli-Umhverfisstofnunar-um-dekkjakurl-sem-fylliefni-a-gervigrasvöllum-/>

² <http://reykjavik.is/frettir/borgin-endurnyjjar-thrja-gervigrasvelli-i-sumar>

skipta út öllu lausu endurunnu dekkjakurl á yfirborði leik- og íþróttavalla fyrir minna skaðlegra efni. Vinnuhópurinn vill taka fram að ekki verði nauðsynlegt að skipta út gúmmípúðum undir völlum.

Dekkjakurl sem úrgangur

Við gildistöku reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs var urðun á heilum hjólbörðum bönnuð og urðun á kurluðum dekkjum bönnuð frá 16. júlí 2006. Síðan þá hefur endurnýting og endurvinnsla á kurluðum dekkjaúrgangi aukist mikið. Eins og er vinna Staðlasamtök Evrópu að gæðastaðli fyrir efni sem framleidd eru úr notuðum dekkjum (CEN/TC 366) sem mun tryggja heilnæmi þess að nýta dekkjaúrgang.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru flutt in 831,7 tonn af endurunnu og öðru gúmmíi árið 2015 en aðeins um 1,5 tonn voru flutt út sama ár (SITC232). Þetta bendir til þess að flest af þeim dekkjum eða dekkjakurl sem falla til eru nýtt eða fargað innanlands. Þegar notuð dekk eða kurl úr dekkjum er flutt milli landa gilda reglur um flutning almenns úrgangs til endurnýtingar og þurfa flutningsaðilar að vera með starfsleyfi fyrir meðhöndlun úrgangs. Ef kurl er flutt til landsins eða frá landinu þarf að fylgja með farminum flutningstilkynning eða svokallað fylgiskjal 7 (Annex VII) samkvæmt reglum um flutning úrgangs. Lítið eftirlit er með flutningi til og frá Íslandi undir þessum formerkjum og því erfitt að fylgjast með nákvæmlega hversu mikið af kurl af sparkvöllum er flutt inn og hvaðan kurl á sparkvöllum kemur.

Hægt er að nýta kurlaðan dekkjaúrgang í ýmislegt, en efnið er m.a. notað í gúmmíþetta/þéttingar og gúmmíborið malbik. Á Íslandi hefur notkunin einskorðast við landfyllingar, en samkvæmt upplýsingum frá SORPU bs. er gróft dekkjakurl nýtt í drenlög í urðunarreinum, í yfirborðslag vegna gassöfnunar á urðunarstað og til landmótunar. Ekki hefur fundist ásættanlegur endurvinnslu- eða endurnýtingarfarvegur fyrir fínt kurl og er því eins og er safnað saman á urðunarstað þar til ásættanlegur farvegur finnst. Grasmottunum af sparkvöllum er einnig haldið til haga á urðunarstaðnum og notað í einhverjum mæli í stað jarðvegsdúks.

Móttökugjald fyrir kurl er samkvæmt upplýsingum frá SORPU bs. 21,58kr/kg. Mögulegt væri að brenna kurl í Köllu og er móttökugjaldið þar 32,55kr/kg. Hugsanlega væri hægt að flytja kurl út til brennslu á Norðurlöndunum þar sem skortur er á brennsluefni yfir vetrartímann.

Viðhengi 1. Dæmi um sveitarfélög sem hafa samþykkt að endurnýja gervigrasvelli með því að skipa út dekkjakurli í betra kurl.

1. Kópavogur. Ákvörðun um að skipta út gervigrasi. Gervigras endurnýjað í Fífunni. Ekki tekið ákvörðun um aðrar framkvæmdir. <http://www.ruv.is/frett/kopavogur-skipti-ur-dekkjakurli-a-sparkvollum>
2. Seltjarnarnes mun skipta út sínu gervigrasi í sumar. (Skv. Tölvupósti).
3. Mosfellsbær bíður með aðgerðir þar til niðurstöður úr sýnatöku frá gervigrasvöllum sem UST framkvæmdi um miðjan mars liggja fyrir. (Skv. Tölvupósti).
4. Hafnarfjörður: Ákvörðun frá 10. mars sl. um að skipa út öllu dekkjakurli á gervigrasvelli. <http://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/ut-med-dekkjakurli>
5. Fjallabyggð: Skiptir út dekkjakurli af gervigrasvöllum. <http://hedinsfjordur.is/dekkjakurli-skipt-ut-af-fotboltavollum-i-fjallabyggd/>
6. Akranes: Aðgerðaáætlun um að skipta út dekkjakurli. <http://www.akranes.is/is/frettir/dekkjakurli-verdur-fjarlaegt>
7. Reykjanesbær. Í Reykjanesbæ er áætlað að skipta út gúmmíkurli á sparkvelli við Akurskóla (grunnskóli) í sumar.
8. Garðabær. Yfirborð knattspyrnuvalla verður endurnýjað. <http://www.gardabaer.is/forsida/frettir/frett/2016/03/09/Yfirbord-knattspyrnuvalla-verdur-endurnyjad/>
9. Árborg. Kostnaðaráætlun um endurnýjun á gervigrasi. <http://www.arborg.is/51-fundur-baejarrads-2/>
10. Hveragerði. Gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 að skipta út gúmmíkurli á sparkvöllum bæjarins. https://www.althingi.is/pdf/erindi_mals/?lthing=145&malnr=328
11. Ásahreppur. Hefur gert kostnaðaráætlun um endurnýjun.
12. Rangárþing Ytra. Hefur gert kostnaðaráætlun um endurnýjun.
13. Rangárþing Eystra. Hefur verið gerð áætlun. <http://www.hvolsvollur.is/stjornsysla/fundargerdir/ungmennarad/fundargerdir/2016/03/21/8.-fundur-ungmennarads/>
14. Grímsnes- og Grafningshreppur. Hefur falið sveitarstjóra að gera áætlun um endurnýjun.
15. Grindavík. Tekið af heimasíðu Grindavíkur: "Í Grindavík eru tveir sparkvellir með úrgangsdekkjakurli sem læknar hafa varað við, annar völlurinn er frá árinu 2006 og hinn 2010. Grindavíkurbær hefur ákveðið að vera til fyrirmyndar og leyfa börnunum að njóta vafans og skipta gúmmíkurlinu út á næsta ár."
16. Garður. Í Garði og Sandgerði eru sparkvellir við grunnskólana og í tölvupósti frá byggingarfulltrúa frá 12. janúar s.l. kemur fram að þeir eigi til einn umgang af PAH kurlum sem stóð til að bæta í vellina, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig verður staðið að viðhaldsaðgerð í sumar þó ólíklegt megi telja að það verði sett í.
17. Vogar á Vatnleysiströnd. Í Vogum er sparkvöllur með svörtu gúmmíkurli. Áætlað er við næstu viðhaldsaðgerð, sem er ekki ákveðið hvenær verður, að um og skipta þá um gervigras og gúmmí.
18. Norðurþing. Áætlun um að skoða velli í umsjá Norðurþings. <http://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefing-efni/fundargerdir/tomstunda-og-aeskulydsnefnd-nordurthings/794>
19. Fjallabyggð. Gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 að skipta út gúmmíkurli á sparkvöllum bæjarins. https://www.althingi.is/pdf/erindi_mals/?lthing=145&malnr=328
20. Akureyri. Skipt um gervigras í Boganum. <http://www.dagskrain.is/is/frettir/idnadargummi-i-stad-dekkjarkurls-i-nytt-gervigras> Borgarbyggð. Áætlun um endurnýjun á Hvanneyri og við Bifröst. http://borgarbyggd.is/wp-content/uploads/2016/04/files/Byggdarrad-borgarbyggdar-375/Skra_0075215.pdf